

## Fundagerð 6.Fundur

### Íþrótt-, æskulýðs- og menningarnefndar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg

Fundardagur: Mánudagur 28.ágúst 2023

Fundartími: kl:19:30

Fundarritari: Agnes Björg Birgisdóttir

Fundarmenn:

Sigrún Hrefna Arnardóttir, Rúnar Magnússon, Harpa Magnúsdóttir, Agnes Björg Birgisdóttir.

Vegna kornskurðarballs: Ungmennafélag Þjótanda: Fanney Ólafsdóttir kl:20

Vegna aðventutónleika / Jólatónleika: Berglind Björk Guðnadóttir kl:20

Efni fundar

#### 1. Hvatastyrkir

Nefndin leggur til að ef einstaklingur hafa ekki nýtt allan sinn hvatastyrk þá sé það sjálfsagt að þeir geti nýtt hvatastyrkinn í keppnisferðir, hvort sem þær séu innanlands eða erlendis. Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að athuga hvort mætti hækka styrkinn. Tillagan var samþykkt með 4 atkvæðum.

#### 2. Ungmennaráð ráðstefna/ ungmennahús

Reynt verður að fá fulltrúa á ráðstefnuna Ungt fólk og lýðræði sem haldin verður í lok september. Haft verður samband við ungmennaráð til að athuga hvenær fyrsta ungmennahús haustsins verður.

#### 3. Sækja um styrk hjá SASS vegna viðburða

Sótt verður um styrk fyrir aðventutónleika.

#### 4. Kornskurðarball skipulag

Búið er að festa niður dagsetninguna 29. september og bóka hljómsveitina Meginstreymi. Húsið opnar 21:00 og ballið stendur yfir milli 22:00-02:00. Miðaverð verður 4.000 kr. Sótt verður um leyfi fyrir 250 manns, sem þýðir að 5 aðalmenn nefndarinnar verða í gæslu. Hugmynd kom upp að ráða einn mann aukalega í gæslu.

#### 5. Aðventutónleikar skipulag

Berglind og fleiri ætla að koma fram á aðventutónleikum þann 7. desember. Ýmsar hugmyndir komu upp varðandi fleiri atriði. Sett verður út auglýsing til að athuga hvort að einstaklingar í sveitafélaginu vilji taka þátt.

#### 6. Kvöldvaka á Fjör í Flóa hugmyndavinna

þarf að endurhugsa hvernig kvöldvakan á Fjör í Flóa fer fram. Meðal annars kom upp sú hugmynd að styrkja frekar heimsóknina í lok kvöldgöngunnar á föstudeginum.

Fundi slitið: 21:30